

M-18/2012 Álit 20. júní 2012

Álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 20. júní 2012 gaf kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-18/2012:

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 8. mars sl. bað X, hér eftir einnig nefndur álitsbeiðandi, um álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna galla sem hann segir vera á bifreiðinni xx-000, sem hann keypti af Y. Álitsbeiðandi krefst þess að seljandi greiði kostnað vegna viðgerðar á bifreiðinni, kr. 261.700. skv. meðfylgjandi reikningum.

II

Málsmeðferð kærunefndarinnar

Með bréfi, dags. 12. mars sl. gaf kærunefndin seljanda kost á andsvörum og bárust þau þann 22. mars. Með bréfi, dags., 26. mars var álitsbeiðanda gefinn kostur á að gera athugasemdir við andsvörin og frest til þess til 9. apríl. Engar athugasemdir bárust.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Samkvæmt kaupsamningi og afsali, dags. 7. desember 2011, keypti álitsbeiðandi bifreiðina xx-000, sem er af gerðinni Hyundai Terracan 2.9 crdi, af seljanda. Bifreiðinni hafði þá verið ekið 148.000 km og var fyrsti skráningardagur hennar xx. mars 2002. Kaupverðið var kr. 1.390.000. Í álitsbeiðni segir m.a. eftirfarandi:

„Bíllinn fór í ástandsskoðun og kom ekkert þar í ljós alvarlegt eða að bíllinn þyrfti fjótlega að fara í kostnaðarsamt viðhald. En tek svo eftir þegar ég fæ bíllinn að þegar hann er búinn að ganga í nokkrar mínútur í lausagangi þá fer hann að reykja mikið og sterk lykt fylgir ásamt því að hann höktir lítillega við inngjöf. Fer með bíllinn til Z og þeir finna laust spíssarör og [seljandi] greiðir þann reikning uppá 38.787kr., nú átti bíllinn að vera í lagi en fljótlega finn ég að hann er enn að reykja og lyktin sem fylgir svo þegar þetta er ekkert að lagast og bara að aukast þá fer ég aftur með hann til Z og þá kemur í ljós að skipta þarf um spíssana það er gert og greiði ég 56.253kr fyrir vinnuna og 205.447kr fyrir nýja spíssa hjá Framtak-blossa en [seljandi] neitaði að taka þátt í að greiða fyrir spíssa og viðgerð. [...] [Seljandi] vildi ekki greiða fyrir spíssaskiptin þar sem hann var búinn að greiða einn reikning hjá Z sem átti að hafa lagað þessa bilun. En þeir voru búnir að gera baklekaþróf á spíssunum og segja að þeir væru í lagi en sögðu mér svo þegar ég kom í seinna skiptið að þetta bakleka þróf geti ekki sagt 100% um hvort spíssarnir séu farnir aðeins sé verið að prufa takmarkaðan hluta virkni þeirra, en þetta eru common-rail spíssar og það er ekki til þrófubekkur á landinu sem getur gefið nákvæma mynd af ástandi þeirra. [...] Vill ég fá endurgreiddan útlagðan kostnað vegna vinnu og varahluta af þessum spíssaskiptum kr. 261.700 þar sem þeir voru bilaðir þegar ég kaupði bíllinn og þetta kom ekki fram við ástandsskoðun bílsins, hefði ég aldrei greitt fullt verð fyrir bíllinn vitandi að spíssarnir væru ónýtir.“

IV

Andsvör seljanda

Í andsvörum seljanda segir m.a. eftirfarandi:

„Ég eignaðist [xx-000] 18 nóvember 2011 þegar ég tók hann upp í aðra bifreið ... Ég átti þennan bíl í tæpar 3 vikur og ók honum ca 800 km frá Reykjavík til Akureyrar og svo til baka

í Staðarskála þar sem ég afhenti bílinn. Þessa km sem ég ók honum var í fínu lagi og áður en ég seldi hann fór hann svo í ástandsskoðun hjá Frumherja. Hefði aldrei lagt í að keyra bílinn frá Akureyri og í Staðarskála ef ég ætti ekki von á því að komast á honum alla leið. En eftir að X tók við bílnum þá komu fram gangtruflun í bílnum og bað ég hann að láta líta á það fyrir mig/okkur og fór bíllinn í viðgerð hjá Z, þá kom í ljós að eitt spíssarör var laust og var það lagað og greiddi ég fyrir viðgerðina. Það næsta sem ég heyrði af þessu máli var svo að bílasalinn sem sá um skiptin hringdi í mig öðru hvoru megin við áramótin og sagði mér að X teldi að það væri ekki í lagi með spíssana í bílnum og spurði mig hvort ég vildi taka einhvern þátt í kostnaðinum. Ég gaf ekkert út á þessa beiðni var þá búinn að greiða Z 38.403 kr fyrir að segja mér að þetta væri í lagi og sagðist bílasalinn ætla að heyra í A fyrri eiganda bílsins þar sem ég átti hann svo stutt. Síðan hef ég ekkert heyrt af þessu máli fyrr en ég fékk þetta bréf frá ykkur.“

V

Niðurstaða kærunefndarinnar

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og seljanda falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. lög nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa. Ágreiningur aðila fellur undir lög nr. 48/2003 um neytendakaup sbr. 2. mgr. 1. gr. laganna.

Við afgreiðslu málsins hefur kærunefndin leitað aðstoðar sérfræðings, sbr. heimild í 2. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 766/2006.

Í kaupsamningi og afsali fyrir bifreiðinni PF-212, dags. 7. desember 2011, segir m.a. eftirfarandi:

„Ökutæki selst í núverandi ástandi sem kaupandi hefur kynnt sér og sætt sig við, en seljandi kann að vera ábyrgur gagnvart kaupanda vegna galla samkvæmt almennum reglum.“ Kærunefndin álítur að um kaupin gildi því 17. gr. laga nr. 48/2003, en þar segir m.a. eftirfarandi:

Þótt söluhlutur sé seldur „í því ástandi sem hann er“ eða með öðrum áþekktum almennum fyrirvara telst hann gallaður þegar:

a. ástand söluhlutar er verra en neytandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti;

b. fyrir liggja atvik sem lýst er í b- eða c-lið 1. mgr. 16. gr.

Í b- og c-lið 1. mgr. 16. gr. segir síðan:

b. seljandi hefur við kaupin vanrækt að gefa upplýsingar um atriði varðandi hlutinn eða not hans sem seljandi hlaut að þekkja til og neytandi mátti ætla að hann fengi upplýsingar um, enda megi ætla að vanrækslan hafi haft áhrif á kaupin;

c. hann svarar ekki til þeirra upplýsinga sem seljandi hefur við markaðssetningu eða á annan hátt gefið um hlutinn, eiginleika hans eða notkun nema seljandi sýni fram á að réttar upplýsingar hafi verið gefnar neytanda við kaupin eða að upplýsingarnar hafi ekki haft áhrif á kaupin;

Í 3. mgr. 16. gr. laganna kemur síðan fram að neytandi geti ekki borið neitt það fyrir sig sem galla sem hann vissi eða mátti vita um þegar kaupin voru gerð.

Í framangreindum ákvæðum er annarsvegar kveðið á um upplýsingaskyldu seljanda og aðgæsluskyldu kaupanda, auk þess sem að í a-lið 1. mgr. 17. gr. er kveðið á um að söluhlutur

sé gallaður þegar ástand hans er mun verra en kaupandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti.

Í álitsbeiðni kemur fram að bifreiðin fór ástandsskoðun fyrir kaupin og við þá skoðun kom ekkert í ljós um að spíssar væru ekki í lagi. Strax eftir kaupin kveðst álitsbeiðandi síðan hafa orðið var við að bifreiðin „reykti“ óeðlilega mikið og strax í kjölfarið farið með bifreiðina á verkstæði Z en þar var spíssarör hert, sbr. reikning meðfylgjandi álitsbeiðni, dags. 13. desember og seljandi greiddi. Þessi viðgerði virðist þó ekki hafa skilað tilætluðum árangri og skv. reikningi, dags. 4. janúar 2012, keypti álitsbeiðandi nýja spíssa fyrir kr. 205.447., sem síðan voru settir í vél bifreiðarinnar á verkstæði Z, skv. reikningi, dags. 16. janúar 2012, fyrir kr. 56.253. Af þessu er ljóst að afar skammur tími leið frá því kaup fóru fram og í ljós kom að nauðsynlegt var að skipta um spíssa bifreiðarinnar. Samkvæmt 2. mgr. 18. gr. neytendakaupalaga er galli sem upp kemur innan sex mánaða frá því tímamarki þegar áhættan af söluhlut fluttist yfir til neytanda, talinn hafa verið til staðar á því tímamarki þegar áhættan af söluhlut fluttist yfir til neytanda, enda sannast ekki annað.

Að þessu öllu virtu er það álit kærunefndarinnar að ástand bifreiðarinnar hafi verið til muna verra við kaupin en álitsbeiðandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti, sbr. a-lið 1. mgr. 17. gr. laga nr. 48/2003 og að ekki sé um að ræða galla sem kaupandi hefði átt að verða var við skoðun á bifreiðinni. Álitsbeiðandi getur beint kröfum sínum að seljanda bifreiðarinnar en seljandi aftur á móti kann að eiga kröfu á hendur þeim sem hann keypti af. Kærunefndin tekur ekki afstöðu til þess enda sá seljandi ekki aðili að máli þessu.

Í 26. gr. laga nr. 48/2003 segir að reynist söluhlutur gallaður og galinn hvorki sök kaupanda né stafi af aðstæðum sem hann varða getur neytandi samkvæmt ákvæðum 29. – 33. gr. laganna krafist úrbóta, nýrrar afhendingar, afsláttar, riftunar og skaðabóta ásamt því að halda eftir greiðslu kaupverðs samkvæmt ákvæðum 28. gr.

Kröfu álitsbeiðanda verður að líta á sem skaðabótakröfu og er það álit kærunefndarinnar að seljanda beri að greiða álitsbeiðanda bætur vegna galla á spíssunum. Við ákvörðun bóta verður engu að síður að hafa í huga að bifreiðin var komin vel á 10. aldursár og hafði verið ekið 148.000 km eftir því sem fram kemur í kaupsamningi.

Bifreiðin var því komin til ára sinna og alltaf má gera ráð fyrir því að á líftíma díselbifreiðar komi að því að skipta þurfi um spíssa, þó slíkt fari eðlilega eftir meðferð á bifreiðinni og almennu viðhaldi. Í því tilviki sem hér um ræðir hefur álitsbeiðandi fengið nýja spíssa í bifreið sína í stað gamalla og ætti því ekki að þurfa að skipta síðar um þá verði allt með felldu. Þegar framangreint er haft í huga er það niðurstaða kærunefndarinnar að hæfilegt sé að seljandi greiði álitsbeiðanda kr. 130.000 í skaðabætur.

VI

Álitsorð

Seljandi, Y, greiði kaupanda X, kr. 130.000 í skaðabætur.

Áslaug Árnadóttir

Lárus M.K. Ólafsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir